GRUNNSKÓLI SNÆFELLSBÆJAR
SJÁLFSTÆÐI - METNAÐUR - SAMKENND

Skólaráðsfundur

15. apríl 2026 kl. 15:00

Mætt: Adela Marcela Turloiu, kennari, Alma Begic, nemandi, Alma Björk Clausen, kennari, Ari Bent Ómarsson, foreldri, Brajan Pienkowski, nemandi, Guðni Eiríkur Guðmundsson, aðstoðarskólastjóri, Katharina Kotschote, foreldri, Kolbrún Pálsdóttir, foreldri, Margrét Eva Einarsdóttir, þroskaþjálfi og Vilborg *Lilja* Stefánsdóttir, skólastjóri (VLS).

Dagskrá fundarins:

1. Fréttir úr skólastarfi
2. Matsferill
3. Endurskoðun Menntastefnu Snæfellsbæjar
4. Innleiðing SNKN
5. Framkvæmdir
6. Næsta skólaár – skóladagatal 2026–2027 og starfsmannamál
7. Önnur mál.

1. **Fréttir úr skólastarfi.** VLS greindi frá nýju formi skólafrétta – sent fréttabréf. Góðgerðardagar fóru fram við skólann dagana 17.-19. mars sl. Þeir tókust mjög vel, fjölbreytt vinna nemenda og skipulag og framkvæmd til fyrirmyndar. Gestir voru ánægðir með opna húsið og alls söfnuðust 1,3 milljónir króna sem rennur til styrktar Lilju Daggar Gunnarsdóttur. Skólastjóri var viðstaddur árshátíð Lýsudeildar sem var vel heppnuð. Þar fór fram mikil hugmyndavinna nemenda, sett voru á svið nokkur leikrit með völdum köflum og tókst það afar vel. 10. bekkur fór í skíðaferð í Bláfjöll í lok febrúar. Þá hefur verið gott samstarf við Þjóðgarðsmiðstöðina nú sem fyrr.
2. **Matsferill.** Fyrirlögn gekk framar vonum í GSnb. Niðurstöður eru væntanlegar í maí. Þátttaka nemenda var mikil í prófþáttunum – Stærðfræði og Lesskilningur.
3. **Endurskoðun Menntastefnu Snæfellsbæjar.** Skipað teymi úr grunnskóla, leikskóla, tónlistarskóla og tveimur fulltrúum fræðslunefndar. Gunnþór frá Ásgarði skólaþjónustu hefur haft umsjón með vinnunni – reglulegir fundir og áætlað að teymið sendi til umsagnar og samþykktar 21. maí. Þá mun taka við innleiðingaráætlun Menntastefnu Snæfellsbæjar. Markmiðið er að tryggja að

stefnan verði lifandi leiðarljós í daglegu starfi skóla og annarra aðila sem koma að menntun og farsæld barna í sveitarfélaginu.

4. **Innleiðing SNKN.** VLS greindi frá vinnunni. Umfangsmikið verkefni sem felur í sér leiðsögn frá Menntamálastofnun til skóla víðs vegar um landið um innleiðingu SNKN (Skipulag náms, kennslu og námsmats). Innleiðingarferlið mun taka 3-5 ár. Átta starfsmenn skólans eru í teyminu. Sjá má nánar um SNKN á www.adalnamskra.is
5. **Framkvæmdir.** Skólinn fékk úthlutun á fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar upp á 37,5 milljónir, 20 milljónir vegna framkvæmda í skólaeldhúsi og 17,5 vegna vinnu við skólalóðir. Ákveðið að til að nýta fjármuni sem best verði farið í eina skólalóð í einu og þetta árið verði ráðist í endurbætur á skólalóð við húsnæði skólans á Hellissandi. Í eldhúsi er búið að leggja drög að fyrirkomulagi og panta tæki sem þarf að bæta við eða breyta vegna breytinga. Farið verður í verkið strax eftir skólaslit.
6. **Næsta skólaár.** Einhverjar breytingar munu verða á starfsmannahaldi. Fjórir starfsmenn verða í fæðingarorlofi á einhverjum tímapunkti næsta skólaárs. Auglýst verður eftir kennurum í stöður sem þarf að manna. Áætla má að lítils háttar fækkun verði á nemendafjölda við GSnb – 28 nemendur útskrifast úr 10. bekk og 21 nemandi hefur nám í 1. bekk eins og staðan er í dag. Þá fór VLS yfir skóladagatal og lagði það til samþykktar skólaráðs og var það samþykkt einhljóða.
7. **Önnur mál. –** Engin fleiri mál rædd.

Fundi slitið kl. 15:50.